

◀ Svava öllum ▼ 🗑️ Eyða 🚫 Rusl 📁 Útiloka ...

## Fs: Varðandi: ósk um endurnýjun samstarfssamnings við Markaðsstofu Suðurlands



Gísli Halldór Halldórsson

Fös 6.11.2020 15:02

Til: Rósa Sif Jónsdóttir

Afrit: Helgi Sigurður Haraldsson; Eggert Valur Guðmundsson



Ósk um endurnýjun samnings...  
80 KB

Áfangastaðastofa Suðurlands...  
1 MB

3 viðhengi (5 MB) Sækja allt Vista allt á OneDrive - Árborg

**Frá:** Dagný Hulda Jóhannsdóttir <dagny@south.is>

**Sent:** föstudagur, 6. nóvember 2020 14:28

**Til:** Gísli Halldór Halldórsson <gislihh@arborg.is>

**Efni:** Varðandi: ósk um endurnýjun samstarfssamnings við Markaðsstofu Suðurlands

Heill og sæll Gísli,

meðfylgjandi er erindi frá Markaðsstofu Suðurlands er varðar **ósk um endurnýjun samstarfssamnings við Markaðsstofuna.**

Eins og oft hefur komið fram í umræðunni í kjölfar Covid-19 mun það að öllum líkindum verða ferðaþjónustan sem mun koma hvað sterkust inn í endurreisn efnahagslífsins þegar kófinu léttir. Því er mikilvægt nú sem fyrr að standa saman, vera undirbúin og missa ekki sjónar af langtíma markmiðum og verkefnum. Það er okkar trú að seigla sunnlenskrar ferðaþjónustu, hér eftir sem hingað til, eigi eftir að koma okkur langt.

Sl. misseri hefur verið í gangi undirbúningsvinna að því að breyta Markaðsstofum landshlutanna í svokallaðar Áfangastaðastofur. Örlítill munur er á fyrirkomulagi milli landshluta, en Markaðsstofan hefur sett upp drög með hugmyndum að fyrirkomulagi Áfangastaðastofu hér á Suðurlandi. Vert að taka fram að frekara samtal og samvinna þarf að eiga sér stað, bæði gagnvart ríki og hagaðilum innan landshlutans, en vonir okkar standa til að þessar hugmyndir geti nýst sem grunnur í því samtali.

Við óskum jafnframt eftir að fá að gera **frekari grein fyrir starfsemi í formi kynningar fyrir fulltrúum sveitarfélagsins, ásamt því að ræða og fá fram sjónarmið sveitarfélagsins varðandi fyrirhugaða breytingu Markaðsstofunnar í Áfangastaðastofu.**

Einnig er að finna í viðhengi:

- Afrit af ársreikningi 2019
- Drög að fyrirkomulagi Áfangastaðastofu á Suðurlandi

**Kær kveðja / Kind regards**

**Dagný H. Jóhannsdóttir**

Framkvæmdastjóri | Managing director

+354 560-2050 | [dagny@south.is](mailto:dagny@south.is)